

Nánar um stefnuráðið

Stefnuráð er samhæfingar- og samráðsvettvangur innan stjórnsýslunnar til að efla og bæta getu hennar til stefnumótunar.

Framtíðarsýn:

Stjórnarráðið býr yfir hæfni og þekkingu til að móta stefnur og áætlanir í samræmi við nýjustu strauma og stefnur innan fræðanna til að mæta þeim áskorunum sem stjórnvöld og samfélag standa frammi fyrir hverju sinni.

Hlutverk:

Stefnuráðið hefur það hlutverk að:

- 1) Móta viðmið (e. best practice) fyrir stefnumótun og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins, að teknu tilliti til umfangs og eðlis viðfangsefnis.
- 2) Efla og samhæfa vinnubrögð ráðuneyta með ráðgjöf og tilmælum og tillögum að fræðslu.
- 3) Leiðbeina varðandi samspil stefna og áætlana við fjármagn, lagafrumvörp og þingsályktanir.
- 4) Vera ráðgefandi varðandi þær stefnumótandi afurðir sem þróaðar eru til að styðja við framkvæmd laga um opinber fjármál, s.s. sniðmát fyrir málefnasvið, málaflokka, stefnur ríkisaðila, ársskýrslur og fjárveitingarbréf.
- 5) Stuðla að upplýstri umræðu um tækifæri og ógnanir framtíðarinnar og verði virkur umræðuvettvangur um framtíðarfræði.

Markmið:

Stefnuráðið hefur það markmið að bæta gæði stefnumótunar og áætlunargerðar innan Stjórnarráðsins með því að:

- 1) Móta skipulag innan STJR sem leiði af sér raunhæfar stefnur og áætlanir sem komist til framkvæmda
- 2) Innleiða fagleg vinnubrögð við mótun stefna og áætlana,
- 3) Bæta faglega ráðgjöf sem tryggir betri ákvörðunartöku,
- 4) Fræða starfsmenn STJR um lykilþætti stefnumótunar,
- 5) Bæta hæfni, þekkingu og hegðun við stefnumótun og áætlanagerð,
- 6) Bæta notkun gagna og upplýsinga,
- 7) Auka skilning á samhengi stefna, áætlana og fjárveitinga,
- 8) Fræða starfsmenn STJR um lykilþætti framtíðarfræða og hvernig sú aðferðafræði geti nýst við langtímastefnumótun.

Samstarf:

Stefnuráð vinnur náið með öðrum nefndum og starfshópum innan Stjórnarráðsins til að tryggja yfirsýn og samhæfingu þvert á ráðuneyti þegar kemur að stefnumörkun stjórnvalda. Sérstaklega er mikilvægt að viðhalda nánu sambandi við starfshópa sem fara fyrir kynjaðri fjárlagagerð, jafnréttismati málefnasviða, frumvarpgerð, Heimsmarkmið o.s.frv.